

Frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu
15.1.18

Vegna 393. máls 149. löggjafarþings - Frumvarp til laga um þungunarrof.

Í frumvarpinu sem um ræðir er gott að sjá þá áherslu sem lögð er á mannvirðingu og á að ávallt sé í boði fyrsta flokks heilbrigðisþjónusta. Einnig er mjög jákvætt að aðgangur að ráðgjöf, upplýsingum og andlegum stuðningi er hluti frumvarpsins.

Sem trúfélag nálgumst við málefnið ekki síst út frá sjónarhóli sálgæslu og siðfræði.

Í lögunum er lagt til að aðgangur að þungunarrofi verði opin, þ.e.a.s. að ekki þurfi að ræða við félagsráðgjafa eða lækna, það nægi að kona biðji um aðgerðina. Eins og kemur fram í frumvarpinu eru aðstæður kvenna oft ástæða þess að þær velja binda endi á þungun sína, í frumvarpinu er rökstuðningurinn fyrir breytingu sá að það gangi gegn mannvirðingu kvenna að þurfa að útlista erfiðar aðstæður. Það sjónarmið á vissulega rétt á sér. Erfiðar kringumstæður geta oft verið mjög yfirþyrmandi, þó þær séu tímabundnar. Einstaklingur sem er í erfiðum aðstæðum og ætlar að taka ákvörðun sem hefur langtímaafleiðingar þarf kannski aldrei jafn mikið á samtali að halda og einmitt þá. Hvort samtalið vekur hjá viðkomandi skömm eða hvort það veitir stuðning snýst kannski meira um hvernig það fer fram heldur en um hvað er rætt. Þeir sem sinna sálgæslu þekkja það margir að binda um sár sektarkenndar og eftirsjár sem margar konur bera eftir að hafa rofið meðgöngu. Í sumum tilfellum eru áhrifin á andlega líðan og daglegt líf mjög mikil, það er mikið í húfi þegar kemur að því að vandað sé til verka við alla umgjörð þegar kemur að þessum málaflokki. Að tryggja aðkomu fagaðila að undirbúningsferli slíkrar aðgerðar ætti ekki að vera álitid rof á mannvirðingu, mun frekar ætti að líta á það sem skref til þess að tryggja bestu mögulegu alhliða heilbrigðisþjónustu.

Við mótmælum því viðhorfi sem á sér enduróm í þessu frumvarpi, að fötluð börn séu minna æskileg en önnur börn. Að gera það að sérstakri ástæðu til þess að binda endi á þungun, að barn sé fatlað, sendir þau skilaboð að fatlað líf sé minna virði og að tilvist fatlaðra sé byrði á þjóðfélaginu.

Við biðlum til löggjafans að taka þá afstöðu að hlúa að lífinu. Í ríku landi eins og Ísland er ætti það að vekja upp spurningar hjá okkur hvers vegna svo margar mæður treysta sér ekki til þess að ganga fulla meðgöngu. Ef neyðin vegna félagslegra aðstæðna er svo aðkallandi að rýmka þarf heimildir til þungunarrofs ætti það að kalla á breytingar á félagslega kerfinu, aukin stuðning við foreldra eða einhver ráð önnur en þau að einfaldlega að binda enda á meðgönguna.

Við hvetjum til þess að tryggt verði að allar konur sem óski eftir þungunarrofi fái þann andlega og tilfinningalega stuðning sem þær þurfa og í þeim tilfellum sem það á við, stuðning sem gerir þeim kleift að eignast barnið sé það ósk þeirra.

Frá sjónarhóli kristinnar trúar nálgumst við þennan málaflokk út frá hagsmunum móður og ófædda barnsins. Jesús Kristur talar um mikilvægi þess hvernig við komum fram við þá valdaminnstu, varnarlausustu og þá sem jafnvel eru taldir óæskilegir. Út frá því sjónarhorni hvetjum við til þess að allt sé gert til þess að hlúa að ófæddum börnum og verja rétt þeirra til lífs. Besta leiðin til þess er að hlúa að foreldrum, að skapa barnvænt þjóðfélag þar sem allt líf hefur jafnt vægi.

Virðingarfyllt

F.h. Hvítasunnukirkjunnar Filadelfíu

Helgi Guðnason